

STARFSREGLUR TILNEFNINGARNEFNDAR KALDALÓNS HF.

1. Hlutverk og tilgangur tilnefningarnefndar

- 1.1 Tilnefningarnefnd Kaldalóns hf. (hér eftir „**félagið**“) er ætlað að sinna ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum og leggja tillögur fyrir aðalfund.
- 1.2 Markmiðið með skipan tilnefningarnefndar er að koma á skýru fyrrkomulagi tilnefningar stjórnarmanna á aðalfundi félagsins, sem m.a. skapar hluthöfum þess forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.
- 1.3 Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af 6. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja, útg. 2021. Eru reglurnar samþykktar af hluthafafundi félagsins.

2. Skipun tilnefningarnefndar

- 2.1 Tilnefningarnefnd skal skipuð af stjórn félagsins, til eins árs í senn í fyrsta skipti sem hún er skipuð. Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera að minnsta kosti þrír.
- 2.2 Tilnefningarnefnd skal skipuð ekki síðar en sex mánuðum fyrir aðalfund félags.
- 2.3 Óskað skal eftir framboðum í tilnefningarnefnd í tilkynningu um hluthafafund þar sem kjör tilnefningarnefndar er á dagskrá, með minnst þriggja vikna fyrirvara. Framboð til setu í tilnefningarnefnd skulu berast eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund og skulu upplýsingar um framboð birtar á vefsíðu félagsins. Tilkynna skal um skipan nefndarinnar á heimasíðu félagsins eins fljótt og unnt er að hluthafafundi loknum.
- 2.4 Við skipun nefndarinnar skal leitast við að tryggja að nefndarmenn hafi nauðsynlega þekkingu og reynslu með hliðsjón af störfum nefndarinnar. Nefndarmenn skulu til samans búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu af stjórnarstörfum, ráðningum og löggjöf um stjórnir hlutafélaga, þ.m.t. um hæfisskilyrði.
- 2.5 Starfskjör nefndarinnar skulu ákveðin árlega á aðalfundi félagsins.

3. Nefndarmenn

- 3.1 Meirihluti nefndarmanna tilnefningarnefndar skal vera óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Þá skal minnst einn nefndarmanna vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Við mat á hæði nefndarmanna skal litið til beinna og óbeinna tengsla og stuðst við ákvæði leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 3.2 Stjórnarmönnum félagsins er heimilt að sitja í tilnefningarnefnd en þeir skulu ekki mynda meirihluta hennar. Þá skulu þeir ekki gegna formennsku í nefndinni. Þetta á jafnt við um formann stjórnar og aðra stjórnarmenn.
- 3.3 Stjórnendur félagsins eða starfsmenn þess skulu ekki eiga sæti í tilnefningarnefnd.
- 3.4 Tilnefningarnefnd skal kjósa sér formann á fyrsta fundi nefndarinnar.

4. Fundir tilnefningarnefndar

- 4.1 Tilnefningarnefnd skal funda eigi sjaldnar en tvisvar á ári, á viðeigandi tímum í ferli undirbúnings stjórnarkjörs, og að öðru leyti þegar nauðsyn ber til.
- 4.2 Formaður nefndarinnar skal boða til nefndarfunda. Fundir skulu að jafnaði boðaðir með minnst fimm virkra daga fyrirvara. Formaður stýrir fundum nefndarinnar og tilnefnir fundaritara. Formanni er skylt að boða til fundar að kröfu eins eða fleiri nefndarmanna.
- 4.3 Aðeins nefndarmenn hafa að jafnaði rétt til að sækja nefndarfundi. Þó er heimilt að bjóða öðrum aðilum að sitja fundi nefndarinnar að hluta eða í heild, eftir því sem nefndin telur æskilegt.

5. Fundargerðir

- 5.1 Ritari tilnefningarnefndar skal halda fundargerð þar sem skráð er hvað fer fram á fundi, ályktanir fundarins og nöfn þeirra sem eru viðstaddir fund. Fundargerð skal vera skrifleg og samþykkt af nefndarmönnum.
- 5.2 Ritari skal í upphafi hvers fundar staðreyna tilvist hagsmunaárekstra og skrá upplýsingar um þá í fundargerð.

6. Ályktunarhæfni

- 6.1 Fundir nefndarinnar eru ályktunarhæfir ef meiri hluti nefndarmanna sækir fund. Réttilega boðaður fundur þar sem ályktunarbær meirihluti er viðstaddir er hæfur til að fara með allar valdheimildir og ákvörðunarvald nefndarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls og hefur hver nefndarmaður eitt atkvæði. Atkvæði formanns nefndarinnar skal ráða úrslitum verði atkvæði jöfn. Mikilvægar ákvarðanir skal þó ekki taka nema allir nefndarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið.

7. Verkefni og skyldur

- 7.1 Tilnefningarnefnd skal hafa ráðgefandi hlutverk í tengslum við kosningu til stjórnar félagsins.
- 7.2 Tilnefningarnefnd skal tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu fyrir aðalfund þess eða hluthafafund þar sem fram fer stjórnarkjör. Tillögur tilnefningarnefndar og önnur framboð til stjórnarsetu skulu kynntar samhliða fundarboði aðalfundar eða hluthafafundar þar sem fram fer stjórnarkjör, og vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins eins fljótt og kostur er, a.m.k. tveimur dögum fyrir fundinn. Tillögur nefndarinnar skulu hafa að geyma rökstuðning fyrir hæfi hvers frambjóðanda, með vísan til starfsreglna þessara og annarra viðeigandi reglna og leiðbeininga. Tilnefningarnefnd getur tilnefnt fleiri einstaklinga en fjöldi þeirra stjórnarsæta sem kjósa á um.
- 7.3 Nefndin skal meta frambjóðendur til stjórnar út frá hæfni, reynslu og þekkingu. Skal hún í því samhengi hafa til hliðsjónar þau sjónarmið sem fram koma ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti um stærð og samsetningu stjórnar. Þá skal hún notast við niðurstöður árangursmats stjórnar um samsetningu stjórnar og hæfni stjórnarmanna. Nefndin skal jafnframt meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna og gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins.
- 7.4 Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.
- 7.5 Við störf sín getur tilnefningarnefnd meðal annars leitað til sitjandi stjórnar og undirnefnda stjórnar til að afla viðeigandi upplýsinga.
- 7.6 Á vefsíðu félagsins skal upplýsa um hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefnd og hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri.

Tilnefningarnefnd skal óska eftir framboðum til stjórnar og tillögum frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félags eða hluthafafund þar sem fram fer stjórnarkjör.

- 7.7 Tilnefningarnefnd skal gera grein fyrir störfum sínum á aðalfundi félagsins eða hluthafafundi þar sem fram fer stjórnarkjör. Skal nefndin jafnframt rökstyðja tilnefningar sínar. Þá skal tilnefningarnefnd fyrir aðalfund félagsins skila skýrslu um störf sín á viðkomandi tímabili þar sem fram skal m.a. koma yfirlit funda nefndarinnar og upplýsingar um mætingu nefndarmanna, verkferla nefndarinnar í tengslum við tilnefningar og um utanaðkomandi ráðgjöf.
- 7.8 Formaður nefndarinnar skal sækja aðalfund félagsins og vera viðbúinn að svara spurningum hluthafa um starfsemi nefndarinnar.

8. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 8.1 Nefndin skal hafa aðgang að viðeigandi upplýsingum og gögnum sem nefndin telur sig þurfa til að geta sinnt skyldum sínum, að því marki sem lög leyfa.
- 8.2 Nefndarmenn og aðrir sem koma á fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum fyrir félagið og skulu ekki veita upplýsingar um störf nefndarinnar, eða málefni félagsins, nema í samræmi við skýr ákvæði starfsreglna þessara, samþykkta félagsins eða sé þeim það skylt lögum samkvæmt.
- 8.3 Öll vinnsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við gildandi lög.
- 8.4 Trúnaðarskylda þessi helst þótt látið sé af störfum.

9. Birting reglna

- 9.1 Reglur þessar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

(Þannig samþykkt á aðalfundi Kaldalóns hf. 23. mars 2023)